

Viðbrögð við efnahagsástandinu / ungmenni á erfiðum tímum

Kjósarsýsludeild Rauða Kross Íslands

Markmið verkefnisins var að þróa verkefni og úrræði til að draga úr neikvæðum afleiðingum efnahagskreppunnar á einstaklinga og fjölskyldur. Kreppan hefur haft mikil áhrif á lífsgæði þjóðarinnar og var í þessu verkefni hugað sérstaklega að atvinnuleitendum, en einnig þeim vaxandi fjölda sem er í vinnu en á samt erfitt með að ná endum saman vegna minnkandi ráðstöfunartekna og minni kaupmáttar.

Verkefnið snérist annars vegar um úrræði fyrir atvinnuleitendur (opið hús og Ungt fólk til athafna (UFTA)) og hins vegar um leiðir til að auðvelda fólki að ná endum saman (ókeypis námskeið og skiptifatamarkaður).

Niðurstöðurnar eru þær að öll verkefnin stóðust áætlun og hafa sannað gildi sitt svo að þeim verður haldið eitthvað áfram hjá deildinni. Þátttaka í opnu húsi hefur verið góð og vaxandi og hafa flestir atvinnuleitendurnir einnig tekið að sér sjálfboðin störf til að halda aukinni virkni. Þátttakendur í UFTA verkefninu hafa flestir skilað sér aftur út á vinnumarkaðinn, eða í nám. Námskeið deildarinnar hafa verið vel sótt, ekki síst vikulöng sumarnámskeið fyrir börn sem mikil þörf var fyrir. Skiptifatamarkaðurinn er vel sóttur og hefur reynst mörgum mikil búbot.

A response to the financial crises / Youth, during difficult times

The Icelandic Red Cross, Kjósarsýslu branch

The aim of this project was to develop resources to minimize the negative effects of the financial crisis, but the crisis has had a great impact on the nation's living standard. The project focused especially on unemployed individuals, but also on the increased number of people who are employed but struggling to support themselves or their family due to decreased income and purchasing power.

Two resources were developed. The former focused on offering opportunities for unemployed individuals to stay active and learn new skills free of charge. A special program was offered for young individuals aged 16-24, including self-image support and job seeking guidance. The latter resource focused on offering free courses (like psychological support or children summer school) to promote opportunities for all to participate whether they can afford it or not. A swap marked for children's cloths was also operated regularly.

The projects have proved to be effective and will be continued at the Kjósarsýslu branch. Participation in seminars, activities, workshops and the swap marked has been good and is increasing. Most of the unemployed also became volunteers to increase their activity, which is vital during job hunting. Most of the youth have been able to find job or returned back to school.